

Fimmtudaginn 10. maí 1990.

Nr. 185/1990. **Ákærvaldið**

gegn

**Kristjáni Ármannssyni og  
Elíasi Bjarnasyni.**

Kærumál. Dómari vikur ekki sæti.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttar-dómari.

Máli þessu var af hálfu ákærvaldsins skotið til Hæstaréttar með kæru 3. maí sl., sem barst Hæstarétti daginn eftir. Kærður er úrskurður Freys Ófeigssonar héraðsdómara við bæjarfógetaembættið á Akureyri frá 10. apríl sl. um að víkja sæti í málinu, en endurrit þess úrskurðar barst ríkissaksóknara 30. s.m. Af hálfu ákærvaldsins er um kæruheimild vísað til 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og dómaranum gert skylt að fara með málið.

Dómarinn hefur kynnt varnaraðilum hinn kærða úrskurð, en af þeirra hálfu var ekki hreyft athugasemdum.

Samkvæmt gögnum málsins fór rannsóknarlögreglan á Akureyri með rannsókn þess undir yfirstjórn lögreglustjórans á Akureyri. Lögreglustjórinn er jafnframt forstöðumaður bæjarfógetaembættisins á Akureyri og skiptir verkum með héraðsdómurum við embættið. Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga nr. 74/1972 um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl. starfar sérhver héraðsdómari sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar hefur forstöðumaðurinn ekki umsjón með dómstörfum héraðsdómara. Héraðsdómarinn er þannig ekki undir- maður forstöðumannsins, að því er dómsmál varðar. Þótt heimilt sé að fela héraðsdómara meðferð stjórnvaldsmálefna samkvæmt sömu málsgrein, er upplýst, að hann hefur ekki komið nálægt stjórn rannsóknarlögreglu, að því er þetta mál varðar. Ákærðu höfðu þannig enga ástæðu til að draga óhlutdrægni dómans í efa. Ber

af þessum sökum að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að fara með mál þetta.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

**Úrskurður sakadóms Akureyrar 10. apríl 1990.**

Mál þetta, sem þingfest var 21. ágúst 1989, er höfðað fyrir sakadómi Akureyrar með ákæru ríkissaksóknara, dags. 10. ágúst 1989, á hendur Kristjáni Ármannssyni, Akurgerði 5 d, Akureyri, f. 17. maí 1944, fæðingarnúmer 374, og Elíasi Bjarnasyni, Kjalarsíðu 14f, Akureyri, f. 25. júlí 1962, fæðingarnúmer 399, fyrir fjárdrátt með því að hafa á tímabilinu frá janúar til september 1988 sem framkvæmdastjórar hlutafélagsins Sæblikis á Kópaskeri haldið eftir af launum nánar tilgreindra starfsmanna félagsins skyldusparnaðarfé, samtals kr. 162.415, ákærði Kristján sem framkvæmdastjóri í janúar til júní 134.540 krónum og ákærði Elías sem framkvæmdastjóri í júlí til september 27.875 krónum, en eigi staðið skil á þessu fé til veðdeildar Landsbanka Íslands sem innheimtustofnunar skyldusparnaðarfjár fyrir Húsnæðisstofnun ríkisins, Laugavegi 77, Reykjavík, heldur dregið félaginu, sem þá var í fjárhagsvandræðum, þetta fé. Eru brot ákærðu talin varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Mál þetta ber með sér, að rannsóknarlögreglan á Akureyri hafði með rannsókn þess að gera í júnímánuði 1989 undir yfirstjórn lögreglustjórans á Akureyri eða á hans ábyrgð. Á þessum tíma var lögreglustjórinn á Akureyri yfirmaður dómara máls þessa, Freys Ófeigssonar héraðsdómara, og er svo enn, sbr. 7. og 9. gr. laga nr. 74/1972, sbr. þó einkum 2. mgr. 9. gr. laganna.

Dómari máls þessa telur sig ekki hafa haft afskipti af lögreglurannsókn þess. Þrátt fyrir það telur dómari, að honum beri að víkja sæti í málinu af sjálfsdáðum, með vísan til raka hæstaréttardóms frá 2. apríl 1990 í málinu nr. 129/1990 svo og þar tilvitnaðs dóms Hæstaréttar frá 9. janúar 1990.

Á l y k t a r o r ð:

Dómarinn, Freyr Ófeigsson héraðsdómari, víkur sæti í máli þessu.